

Fundargerð

stjórnarfundar Félagsbústaða haldinn miðvikudaginn 4. júní 2025 kl. 17:08 á skrifstofu félagsins að Pönglabakka 4

Mætt: Ellý Alda Þorsteinsdóttir, formaður sem jafnframt stýrði fundi, Hannes Frímánn Sigurðsson, Kjartan Magnússon, Ragnheiður Halldórsdóttir og Oktavía Hrunð Guðrúnar Jóns varamaður Magnúsar Davíðs Norðdahl sem er í veikindaleyfi. Einnig Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Skýrsla um starfsemina fyrsta ársfjórðung

Fyrir fundinum lá skýrsla um starfsemi félagsins fyrsta ársfjórðung 2025 en málinu var frestað á síðasta fundi.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir megininnihaldi skýrslunnar og var hún rædd án athugasemda.

Lagt fram til kynningar.

2. Svar við fyrirspurn um leiguverð

Lögð var fram samantekt með upplýsingum um leiguverð og fleiri þætti sem Kjartan Magnússon stjórnarmaður óskaði eftir.

3. Minnisblað um aðgerðaáætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað vegna vinnu við stöðu og vinnu við gerð aðgerðaáætlunar í kjölfar ákvörðunar stjórnar um að gerð skuli tímasett aðgerðaáætlun með það að markmiði að innleiða breytingar á vinnustaðamenningu og stjórnarháttum. Lagt fram til kynningar.

4. Dýrahald: greinargerð og tillaga

Fyrir fundinum lá greinargerð og tillaga varðandi dýrahald í leiguíbúðum Félagsbústaða, drög að reglum og samþykkt stjórnar um dýrahald frá árinu 2019. Framkvæmdastjóri fór yfir málið.

Stjórn samþykkti reglurnar með áorðnum breytingum.

Framkvæmdastjóri vék af fundi kl. 18:30

5. Önnur mál

Fundagerðir trúnaðarmálaafunda stjórna í maí yfirfarnar og undirritaðar.

Framkvæmdastjóri kom aftur inn á fundinn kl. 18:58.


Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 19:05


Ellý Alda Þorsteinsdóttir


Hannes Frímánn Sigurðsson


Kjartan Magnússon

Oktavía Hrunð Guðrúnar Jóns



Ragnheiður Halldórsdóttir

